



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 7. mars 2025

MOS22020006

## MINNISBLAÐ

Reykjavíkurborg hlaut jafnlaunavottun árið 2019 og fékk svo endurnýjaða vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 árið 2022. Endurúttekt á jafnlaunakerfi borgarinnar mun fara fram í vor.

Samkvæmt lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, ber fyrirtækjum og stofnunum, þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli, að uppfylla kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og hljóta vottun faggilts vottunaraðila á sitt jafnlaunakerfi. Jafnlaunavottun er þess eðlis að til að vinnustaðurinn haldi vottuninni þarf hann að sýna fram á áframhaldandi árangur milli ára og er ein af kröfum staðalsins að gerð sé greining á launum starfsfólks.

Félagsvísindastofnun framkvæmdi greiningu á launum starfsfólks Reykjavíkurborgar fyrir októbermánuð 2024. Niðurstöður greiningarinnar sýna að konur og karlar eru með sömu laun (launamunurinn er 0,0%) þegar skoðaður er meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg að teknu tilliti til persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu, hæfnisflokka, starfaflokks, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags.

Hjálögð er greining Félagsvísindastofnunar á kynbundnum launamun í október 2024.

Lóa Birna Birgisdóttir,  
sviðsstjóri  
mannauðs- og starfsumhverfissvið



Reykjavík



# Greining á kynbundnum launamun í október 2024

Reykjavíkurborg

Febrúar 2025



**HÍ**

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

## Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Reykjavíkurborg
Markmið rannsóknar	Að skoða hvort munur sé á launum kvenna og karla sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

## Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, febrúar 2025
Skýrsluhöfundar	Sindri Baldur Sævarsson

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Helstu niðurstöður</b>	<b>1</b>
1.1	Yfirlit . . . . .	1
1.2	Þróun á kynbundum launamun . . . . .	3
<b>2</b>	<b>Inngangur</b>	<b>4</b>
<b>3</b>	<b>Aðferð</b>	<b>5</b>
3.1	Gögn . . . . .	5
3.2	Launabreytur í greiningu . . . . .	5
3.3	Aðrar breytur í greiningu . . . . .	6
3.4	Starfsfólk — bakgrunnsupplýsingar . . . . .	6
3.5	Starfaflokkun . . . . .	10
3.6	Tölfræðigreining . . . . .	13
<b>4</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>16</b>
4.1	Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli . . . . .	17
4.1.1	Uppreiknuð grunnlaun . . . . .	17
4.1.2	Uppreiknuð heildarlaun . . . . .	25
4.2	Allt starfsfólk . . . . .	34
4.2.1	Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks . . . . .	35
4.3	Greining eftir ríkisfangi . . . . .	42
4.4	Greining á starfsmatsstigum . . . . .	46
4.5	Samsetning launa . . . . .	51
4.5.1	Föst yfirvinna . . . . .	53
4.5.2	Breytileg yfirvinna . . . . .	55
4.5.3	Önnur laun . . . . .	57
<b>5</b>	<b>Heimildir</b>	<b>59</b>
<b>6</b>	<b>Viðauki</b>	<b>60</b>

## Myndaskrá

1	Kynjahlutfall eftir yfirstarfaflokki — allt starfsfólk . . . . .	2
2	Uppreiknuð meðalheildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir yfirstarfaflokki og kyni . . . . .	2
3	Samræmdar tölur um þróun kynbundins launamunar á heildarlaunum starfsfólks Reykjavíkurborgar árin 1995–2024 . . . . .	3
4	Aldursdreifing karla og kvenna . . . . .	8
5	Dreifing ÍSTARF flokka innan starfaflokka . . . . .	12
6	Dreifing starfsmatsstiga innan starfaflokka . . . . .	13
7	Meðaltal uppreiknaðra grunnlauna starfsfólks með ákveðið starfshlutfall eftir kyni . . . . .	17
8	Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna . . . . .	17
9	Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna eftir starfaflokki . . . . .	18
10	Dreifing uppreiknaðra grunnlauna í karla- og kvennastörfum . . . . .	23
11	Karla- og kvennastörf eftir yfirstarfaflokki og uppreiknuðum grunnlaunum . . . . .	24
12	Meðaltal uppreiknaðra heildarlauna starfsfólks með ákveðið starfshlutfall eftir kyni . . . . .	25
13	Dreifing uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna . . . . .	25
14	Dreifing uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna eftir starfaflokki . . . . .	26
15	Dreifing uppreiknaðra heildarlauna í karla- og kvennastörfum . . . . .	32
16	Karla- og kvennastörf eftir yfirstarfaflokki og uppreiknuðum heildarlaunum . . . . .	33
17	Meðalheildarlaun eftir kyni og starfsfyriřkomulagi óháð starfshlutfalli eða fjölda unninna tíma . . . . .	34
18	Meðalheildarlaun alls starfsfólks eftir kyni óháð starfshlutfalli eða fjölda unninna tíma . . . . .	34
19	Meðaltal uppreiknaðra heildarlauna fyrir allt starfsfólk eftir kyni . . . . .	35
20	Dreifing uppreiknaðra heildarlauna fyrir allt starfsfólk karla og kvenna . . . . .	35
21	Dreifing uppreiknaðra heildarlauna fyrir allt starfsfólk karla og kvenna eftir starfaflokki . . . . .	36
22	Dreifing uppreiknaðra heildarlauna fyrir allt starfsfólk í karla- og kvennastörfum . . . . .	40
23	Karla- og kvennastörf eftir yfirstarfaflokki og uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk . . . . .	41
24	Erlent starfsfólk sem hlutfall af öllu starfsfólki eftir starfaflokki . . . . .	43
25	Meðaltal uppreiknaðra heildarlauna eftir ríkisfangi . . . . .	43
26	Dreifing heildarlauna eftir ríkisfangi og yfirstarfaflokkum . . . . .	44
27	Dreifing heildarlauna eftir ríkisfangi og kyni . . . . .	44
28	Prófun starfsmatsstiga — fylgni uppreiknaðra grunnlauna og starfsmatsstiga . . . . .	46
29	Prófun starfsmatsstiga — fylgni uppreiknaðra heildarlauna alls starfsfólks og starfsmatsstiga . . . . .	47

## Töfluskrá

1	Munur á heildarlaunum karla og kvenna . . . . .	1
2	Munur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli án tillits til skýribreyta, og að teknu tilliti til skýribreyta . . . . .	1
3	Kyn . . . . .	7
4	Starfshlutfall . . . . .	7
5	Fjöldi starfa einstaklings . . . . .	7
6	Ríkisfang . . . . .	7
7	Aldur . . . . .	8
8	Starfssvið . . . . .	9
9	ÍSTARF flokkun . . . . .	9
10	Persónuþáttur vegna menntunar . . . . .	9
11	Persónuþáttur vegna starfsreynslu . . . . .	10
12	Persónuþáttur vegna metinnar hæfni . . . . .	10
13	Starfaflokkar . . . . .	11
14	Yfirstarfaflokkar . . . . .	11
15	Uppreiknuð grunnlaun eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	19
16	Uppreiknuð grunnlaun eftir kyni og starfsheiti (30 fjölmennustu starfsheiti)	20
17	Aðhvarfsgreiningar á uppreiknuðum grunnlaunum . . . . .	21
18	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum eftir ÍSTARF flokki (aðeins starfsfólk í 70% starfshlutfalli eða meira) . . . . .	22
19	Uppreiknuð heildarlaun eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	27
20	Uppreiknuð heildarlaun eftir kyni og starfsheiti (30 fjölmennustu starfsheiti)	28
21	Aðhvarfsgreiningar á uppreiknuðum heildarlaunum . . . . .	30
22	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum eftir ÍSTARF flokki (aðeins starfsfólk í 70% starfshlutfalli eða meira) . . . . .	31
23	Uppreiknuð heildarlaun fyrir allt starfsfólk eftir helstu bakgrunnsbreytum	37
24	Uppreiknuð heildarlaun fyrir allt starfsfólk eftir kyni og starfsheiti (30 fjölmennustu starfsheiti) . . . . .	38
25	Aðhvarfsgreiningar á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk . . . . .	39
26	Starfaflokkar starfsfólks með erlent ríkisfang . . . . .	42
27	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk með ríkisfangi . . . . .	45
28	Starfsmatsstig eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	48
29	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum eftir starfsmatsstigum . . . . .	49
30	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli eftir starfsmatsstigum . . . . .	49
31	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk eftir starfsmatsstigum . . . . .	50
32	Greiðslur eftir launategund til <i>starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli</i> eftir yfirstarfaflokki og kyni . . . . .	52
33	Hlutfall starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli sem fær greiðslur fyrir fasta yfirvinnu eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	53

34	Meðalgreiðslur starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli vegna fastrar yfirvinnu eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	54
35	Hlutfall starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli sem fær greiðslur fyrir breytilega yfirvinnu eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	55
36	Meðalgreiðslur starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli vegna breytilegrar yfirvinnu eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	56
37	Hlutfall starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli sem fær greiðslur fyrir önnur laun eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	57
38	Meðalgreiðslur starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli vegna annarra launa eftir helstu bakgrunnsbreytum . . . . .	58
39	Starfsheiti innan starflokksins stjórnandi I . . . . .	60
40	Starfsheiti innan starflokksins stjórnandi II . . . . .	61
41	Starfsheiti innan starflokksins stjórnandi III . . . . .	62
42	Starfsheiti innan starflokksins stjórnandi IV . . . . .	63
43	Starfsheiti innan starflokksins stjórnandi V . . . . .	64
44	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri I . . . . .	64
45	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri II — tafla 1/2	65
46	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri II — tafla 2/2	66
47	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri III — tafla 1/2	67
48	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri III — tafla 2/2	68
49	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri IV — tafla 1/2	69
50	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri IV — tafla 2/2	70
51	Starfsheiti innan starflokksins sérfræðingur/verkefnastjóri V . . . . .	70
52	Starfsheiti innan starflokksins sérhæft starfsfólk I . . . . .	71
53	Starfsheiti innan starflokksins sérhæft starfsfólk II . . . . .	72
54	Starfsheiti innan starflokksins sérhæft starfsfólk III . . . . .	73
55	Starfsheiti innan starflokksins sérhæft starfsfólk IV . . . . .	73
56	Starfsheiti innan starflokksins almennt starfsfólk I . . . . .	74
57	Starfsheiti innan starflokksins almennt starfsfólk II . . . . .	75
58	Starfsheiti innan starflokksins almennt starfsfólk III . . . . .	75





## 1 Helstu niðurstöður

### 1.1 Yfirlit

Tafla 1. Munur á heildarlaunum karla og kvenna



Óleiðréttur munur	1,8%	<b>Meðalmunur<sup>1</sup> á heildarlaunum</b> allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg óháð fjölda unninna tíma og öðrum skýribreytum (mynd 18).	Var <b>2,1%</b> árið 2022
Óleiðréttur munur	-0,6%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg (mynd 19).	Var <b>0,7%</b> árið 2022
Leiðréttur munur	-0,0%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg að teknu tilliti til persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags (tafla 25).	Var <b>-0,2%</b> árið 2022

Tafla 2. Munur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli án tillits til skýribreyta, og að teknu tilliti til skýribreyta

	-1,2%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli sem vinna hjá Reykjavíkurborg (sjá mynd 12).	Var <b>-1,1%</b> árið 2022
	3,2%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli að teknu tilliti til persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags (sjá töflu 21).	Var <b>2,7%</b> árið 2022
	0,0%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli að teknu tilliti til persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og starfaflokks (sjá töflu 21).	Var <b>-0,1%</b> árið 2022
	0,5%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli og í a.m.k. 70% starfshlutfalli að teknu tilliti til persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og ÍSTARF flokkunar (sjá töflu 22).	Var <b>0,3%</b> árið 2022


<sup>1</sup>Hversu mörgum prósentum hærri eða lægri laun kvenna eru en karla. Mínustala þýðir að konur eru lægri.




**Mynd 1.** Kynjahlutfall eftir yfirstarfaflokki — allt starfsfólk

**Mynd 2.** Uppreiknuð meðalheildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir yfirstarfaflokki og kyni

## 1.2 Þróun á kynbundnum launamun

Dregið hefur úr kynbundnum launamun starfsfólks borgarinnar síðan mælingar á honum hófust. Mynd 3 sýnir hver kynbundinn launamunur á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í 70% til 100% starfshlutfalli hjá Reykjavíkurborg var árin 1995–2009 þegar skýribreytur höfðu verið samræmdar (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2013) að viðbættum þeim launagreiningum sem hafa verið gerðar síðan og hafa byggt á sambærilegri aðferð. Þessi greining er með skýribreyturnar starf (yfirlökkur ÍSTARF), starfsaldur, starfsaldur í öðru veldi, starfshlutfall, fasta og breytilega yfirvinnu. Þó ber að nefna að ekki er stýrt fyrir starfsaldri frá og með árinu 2020, hins vegar er stýrt fyrir aldri, metinni menntun, fagaldri og hæfni ásamt fjölda stunda í tímavinnu.<sup>2</sup> Mældur launamunur með þessari aðferð hefur almennt farið minnkandi og var -0,3% í október 2022 þegar síðasta könnun með þessu sniði var gerð og -0,5% 2024 sem gefur til kynna 0,5% hærri laun kvenna en karla.<sup>3</sup> Appelsínugulu punktarnir sýna að konur með sömu laun og karlar árið 2024 en 0,9% lægri laun árið 2020 þegar allt starfsfólk er með í greiningu óháð starfshlutfalli og stýrt er fyrir starfaflokki.



**Mynd 3.** Samræmdar tölur um þróun kynbundins launamunar á heildarlaunum starfsfólks Reykjavíkurborgar árin 1995–2024

<sup>2</sup>Gögn um menntun og fag-/starfsreynslu starfsfólks eru ekki til staðar, í stað þess er stýrt fyrir hækkunum í viðeigandi launaflokki. Forsenda greiningarinnar er þannig að þessar breytur endurspeglar á sanngjarnan hátt í launaflokkum.

<sup>3</sup>Tölur eru hér samræmdar eftir því sem kostur er. Skýribreytur eru starf (yfirlökkur ÍSTARF), aldur, aldur í öðru veldi, starfsaldur og starfsaldur í öðru veldi (bara aldur og aldur í öðru veldi árið 2001, 2020 og 2022) og vinnutími (árið 2009 nær greiningin eingöngu til þeirra sem skrá vinnutíma í Vinnustund, þ.e. 2070 af 3991 starfsmanni). Árin 1999, 2003, 2005 og 2007 er ríkisfang inni sem skýribreyta en ekki er hægt að sjá í skýrslu (Anna Borgþórsdóttir Olsen, 2008) hver kynbundinn launamunur væri án þeirrar skýribreytu. Frá og með 2015 eru persónuþættir vegna menntunar og starfsreynslu með í greiningunni. Árið 2022 og 2024, ólíkt 2020, var stýrt fyrir fjölda álagsvinnutíma / vaktálagi auk persónuþáttar vegna hæfni. Fjöldi tíma vegna fastrar yfirvinnu og eininga *annarra launa* var skipt upp árið 2022 en launaliðurinn önnur laun var uppreiknaður í heildarlaunum fyrir allt starfsfólk 2020 en ekki 2022. Skilgreining á öðrum launum breyttist á milli árunna 2020 og 2022.

## 2 Inngangur

Lög um innleiðingu jafnlaunavottunar voru samþykkt á Alþingi í júní 2017 en markmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Eins og fram kemur í staðlinum er ein af forsendum þess að skipulagsheild fái vottun að hún hafi látið gera launagreiningu (Jafnlaunastaðallinn ÍST 85). Slík greining felst í úttekt á launum og kjörum starfsfólks í þeim tilgangi að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar. Staðallinn gerir kröfu um að skipulagsheildin móti sér jafnlaunastefnu, velji sér jafnlaunaviðmið, skilgreini og flokki störf og meti virði þeirra þannig að saman flokkist sömu eða jafnverðmæt störf. Aðaláherslan í staðlinum og lögnum er að greiða skuli sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.

Sú launagreining sem hér er lýst er liður í jafnlaunavottun Reykjavíkurborgar og hefur því að meginmarkmiði að:

- greina laun starfsfólks og helstu áhrifaþætti á þau
- bera saman laun karla og kvenna innan Reykjavíkurborgar.

Megináhersla í launagreiningunni er á að skoða launasetningu og hvort launamunur skýrist af hlutlægum og málefnalegum ástæðum, svo sem ábyrgð, menntun, starfsreynslu, hæfni og öðrum kröfum starfs en starfsmatsstig eiga að taka tillit til þessara þátta. Í þessari skýrslu er greint frá því hver munur er á launum karla og kvenna:

- sem vinna hjá Reykjavíkurborg
- sem eru í sömu eða jafnverðmætum störfum.

## 3 Aðferð

### 3.1 Gögn

Gögnin sem þessi úttekt byggir á voru fengin úr launakerfi Reykjavíkurborgar og innihalda upplýsingar um launagreiðslur alls starfsfólks sem var á launaskrá í október 2024 ásamt upplýsingum um kyn, aldur, ríkisfang, starfsheiti, starfshlutfall, starfssvið, starfaklassa og ÍSTARF flokk. Einnig fengust upplýsingar um álag og launaflokka vegna persónuþátta. Persónuþættir eru metnir út frá menntun, starfsreynslu og hæfni. Gögnin innihalda upplýsingar um starfsmatsstig starfsfólks hjá þeim stéttarfélögum sem hafa samið um slíkt.<sup>4</sup>

Launagreiðslur voru brotnar niður í grunnlaun, breytilega yfirvinnu, fasta yfirvinnu, álag, önnur laun og aðrar greiðslur. Alls fengu 10.453 starfsmenn laun í október 2024. Af þeim voru 9.709 með ákveðið starfshlutfall. Að auki fengu 744 greitt fyrir tímavinnu og/eða stundakennslu og eru þessir einstaklingar greindir með starfsfólki í ákveðnu starfshlutfalli í sér kafla.

Sumir einstaklingar sinntu fleiri en einu starfi fyrir Reykjavíkurborg á tímabilinu (sjá töflu 5). Í þeim tilvikum er aðeins helsta starf viðkomandi, skilgreint út frá upphæð heildarlauna, hluti af launagreiðingunni. Heildarlaun vegna annarra starfa þessara einstaklinga námu alls innan við 1,5% af summu heildarlauna í október 2024.

### 3.2 Launabreytur í greiningu

Við greiningu launa voru skoðuð grunnlaun og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og heildarlaun alls starfsfólks. Heildarlaun samanstanda af grunnlaunum, greiðslum fyrir fasta- og breytilega yfirvinnu, greiðslum fyrir álag, öðrum launum og öðrum greiðslum.

Yfirvinnugreiðslur geta verið fyrir fastan fjölda yfirvinnutíma eða fyrir breytilega yfirvinnu. Greiðslur fyrir fasta yfirvinnu miða við ákveðinn fjölda tíma sem starfsmaður fær á uppgjörstímabili óháð fjölda unninna yfirvinnutíma. Greiðslur fyrir breytilega yfirvinnu miða við þann fjölda tíma sem starfsmaður vinnur umfram dagvinnu. Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu. Önnur laun geta verið vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma þannig í stað tímakaups í yfirvinnu.

Þar sem margt starfsfólk var í lágu starfshlutfalli voru grunnlaun og heildarlaun uppreiknuð. Við uppreikning á heildarlaunum voru grunnlaun uppreiknuð miðað við 100% starf og öðrum greiðslum fyrir mánuðinn síðan bætt við.

Eins og fram hefur komið var nokkur hluti starfsfólks ekki í ákveðnu starfshlutfalli. Af þeim sökum voru heildarlaun alls starfsfólks loks uppreiknuð miðað við fjölda klukkustunda sem samsvara fullu starfi. Þetta var gert til þess að laun fólks í tímavinnu og starfsfólks í lágu starfshlutfalli væru samanburðarhæf við laun þeirra sem gegna fullu

<sup>4</sup>Það á við um eftirfarandi félög: Efling stéttarfélag, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag sjúkralíðara, Félag sálfræðingafélags Íslands, Lögjafafélag Íslands, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Rafiðnaðarsamband Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Samband stjórnendafélaga, Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu, Samiðn - samband iðnfélaga, Sjúkralíðafélag Íslands, Stéttarfélag lögfræðinga, Stéttarfélag tölvunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands - félag verkfræðinga og tækniáfræðinga, Víska stéttarfélag, Þroskaþjálfafélag Íslands.

starfi. Var þá taxti fyrir dagvinnu og stundakennslu uppreiknaður miðað við fullt starf. Öðrum launategundum, svo sem annarri fastri yfirvinnu, breytilegri yfirvinnu og álagi, var þá bætt við en voru ekki uppreiknaðar.

Greitt er sérstaklega fyrir menntun, starfsreynslu og sérstaka hæfni, þ.e. með pró-sentualagi, launaflokkum eða þrepum í launatöflu. Greiðslur eru mismunandi eftir kjara-samningum. Í aðhvarfsgreiningum er sérstaklega stýrt fyrir þessum hækkunum.

### 3.3 Aðrar breytur í greiningu

Starfsheiti hjá Reykjavíkurborg voru alls 607 talsins í október 2024. Sum starfsheiti koma fyrir í fleiri en einum starfaflokki og eru þau aðskilin og starfaflokknum bætt við starfsheitið. Störf höfðu verið flokkuð eftir ÍSTARF starfaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands. Kerfið er sniðið eftir Alþjóðlegu starfaflokkuninni, ISCO-88, sem Alþjóðavinnumálastofnunin gaf út árið 1988. Störf eru flokkuð eftir eðli starfsins og kröfum um kunnáttu. Í þessari greiningu var grófasta flokkun ÍSTARF notuð. Það eru flokkarnir: 1) kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur, 2) sérfræðingar, 3) tæknar og sérmenntað starfsfólk, 4) skrifstofufólk, 5) fólk í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum, 6) bændur og fiskimenn, 7) iðnaðarfólk og sérhæft iðnverkafólk, 8) véla- og vélgæslufólk og 9) ósérhæft starfsfólk. Vegna þess hversu fáir sinna störfum í flokkum 6, 7 og 8 voru þeir sameinaðir.

Til þess að leggja samræmt mat á ólík störf innan Reykjavíkurborgar með tilliti til krafna sem þau gera til starfsfólks hafa öll störf innan Reykjavíkurborgar verið metin samkvæmt starfsmatskerfinu í 17 starfaflokka. Þessi starfaflokkun byggir á starfsmatsstigum fyrir 489 störf á bilinu 0–1000 eftir viðmiðum um þekkingu og færni, ábyrgð, álag og vinnuáætlun. Þessari starfaflokkun er hægt að skipta upp í fjóra yfirflokka; almennt starfsfólk, sérhæft starfsfólk, sérfræðingar/verkefnastjóri og stjórnandi.

Störf voru flokkuð í karla- og kvennastörf. Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti voru karlar en annars kvennastörf.

### 3.4 Starfsfólk — bakgrunnsupplýsingar

Meirihluti starfsfólks Reykjavíkurborgar er konur, 73% starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og 67% starfsfólks í tímavinnu (sjá töflu 3). Yfir helmingur alls starfsfólks er í fullu starfi og um fimmtingur til viðbótar er í 60–99% vinnu (sjá töflu 4). Um 12% starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og 8% í tímavinnu eru með erlent ríkisfang (sjá töflu 6). Aldurspíramídi á mynd 4 sýnir fjölda karla og kvenna á hverju aldursári fyrir sig. Þá má sjá að fjöldi kvenna á hverju aldursári er tiltölulega jafn. Hins vegar má sjá að nokkuð stór hluti karla er á aldrinum 20 til 35 ára eða 49%. Meðalaldur karla er 38 ár, meðalaldur kvenna er 41 ár (sjá mynd 4) en meðalaldur kynsegin fólks er 29 ár. Kynsegin einstaklingar eru 15 og er sleppt í launagreiningunni, nema í yfirlitsmeðaltölum, til að tryggja órekjanleika. Flest starfsfólk fellur undir skóla- og frístundasvið eða 57% og velferðarsvið eða 30% (sjá töflu 8).

**Tafla 3. Kyn**

	Í ákveðnu starfshlutfalli		Í tímavinnu	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Karl	2.622	■ 27%	244	■ 33%
Kona	7.077	■ 73%	495	■ 67%
Kynsegin	10	0%	5	1%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.709</b>	<b>100%</b>	<b>744</b>	<b>100%</b>

Eftirfarandi töflur og myndir lýsa aðeins bakgrunnspáttum karla og kvenna vegna persónuverndarsjónarmiða.

**Tafla 4. Starfshlutfall<sup>5</sup>**

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
Minna en 30%	470	5%	68%	596	■ 81%	65%
30%–59%	1.382	■ 14%	69%	101	■ 14%	74%
60%–79%	791	■ 8%	73%	26	4%	69%
80%–99%	1.195	■ 12%	75%	12	2%	75%
100%	5.844	■ 60%	74%	0	0%	
Meira en 100%	17	0%	59%	4	1%	100%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	

**Tafla 5. Fjöldi starfa einstaklings<sup>6</sup>**

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
1	9.249	■ 95%	73%	688	■ 93%	67%
2	426	4%	66%	46	6%	67%
3	23	0%	61%	3	0%	33%
4	1	0%	100%	2	0%	0%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	

**Tafla 6. Ríkisfang**


	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
Íslenskt	8.506	■ 88%	72%	680	■ 92%	67%
Erlent	1.193	■ 12%	78%	59	8%	68%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	

<sup>5</sup>Starfshlutfall tímavinnufólks er reiknað út frá fjölda unna tíma miðað við fullt starf.

<sup>6</sup>Fjöldi starfa er skilgreindur út frá samsetningu starfsmannanúmers og einkennislyklis starfs sem einstaklingur fær greidd laun á.

**Tafla 7. Aldur**

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
Yngri en 30 ára	2.481	■ 26%	66%	458	■ 62%	64%
30–39 ára	2.356	■ 24%	69%	94	■ 13%	59%
40–49 ára	2.027	■ 21%	77%	61	■ 8%	69%
50–59 ára	1.677	■ 17%	79%	37	■ 5%	95%
60 ára og eldri	1.158	■ 12%	79%	89	■ 12%	78%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	


**Mynd 4. Aldursdreifing karla og kvenna**

**Tafla 8.** Starfssvið

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
Fjármála- og áhættustýringarsvið	75	1%	68%	1	0%	100%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	53	1%	81%	11	1%	64%
Menningar- og íþróttasvið	501	5%	58%	86	12%	59%
Skóla- og frístundasvið	5.598	58%	79%	300	41%	74%
Skrifstofur Ráðhúss	76	1%	71%	0	0%	
Umhverfis- og skipulagssvið	429	4%	31%	3	0%	0%
Velferðarsvið	2.790	29%	71%	336	45%	63%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	177	2%	56%	2	0%	100%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	

**Tafla 9.** ÍSTARF flokkun









	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	722	7%	76%	1	0%	100%
Sérfræðingar	3.292	34%	81%	96	13%	74%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	1.174	12%	65%	59	8%	59%
Skrifstofufólk	186	2%	89%	11	1%	64%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	4.056	42%	71%	558	76%	66%
Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	52	1%	4%	0	0%	
Ósérhæft starfsfólk	217	2%	24%	14	2%	71%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	

**Tafla 10.** Persónuþáttur vegna menntunar





	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
0	7.715	80%	72%	686	93%	66%
1	578	6%	78%	15	2%	87%
2	1.406	14%	77%	38	5%	68%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	



**Tafla 11.** Persónuþáttur vegna starfsreynslu

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
0	1.974	 20%	70%	539	 73%	67%
1	1.771	 18%	69%	104	 14%	64%
2	1.919	 20%	70%	46	 6%	63%
3	4.035	 42%	77%	50	 7%	76%
<b>Fjöldi alls</b>	9.699	100%		739	100%	

**Tafla 12.** Persónuþáttur vegna metinnar hæfni

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
0	9.456	 97%	73%	738	 100%	67%
1	243	 3%	71%	1	 0%	100%
<b>Fjöldi alls</b>	9.699	100%		739	100%	

### 3.5 Starfaflokkun

Alls eru 607 starfsheiti í launakerfi Reykjavíkurborgar sem flokkast í 17 starfaflokka. Innan hvers starfaflokks eru sambærileg störf flokkuð saman. Störf í einum starfaflokki eru ekki endilega hærra launuð en störf í öðrum. Þessir 17 starfaflokkar raðast því ekki fullkomlega í launaröð eða starfsmatsstigarað. Yfir helmingur starfsheita (322 af 607) eru starfsheiti sem einungis þrjú eða færri einstaklingar hafa, þar af eru 217 starfsheiti sem eiga við aðeins einn einstakling. Aftur á móti eru starfsheitin oft mjög lík og virðast tilheyra svipuðu starfi með jafn mörg starfsmatsstig og svipaða launadreifingu. Í töflum 13 og 14 má sjá fjölda og hlutfall starfsfólks í hverjum starfaflokki og yfirstarfaflokki. Í töflum 39 til 58 í viðauka má sjá röðun starfsheita í starfaflokka.

Á mynd 5 má sjá hvernig starfsheiti innan hvers starfaflokks dreifast á ÍSTARF flokka. Litirnir á reitunum í myndinni gefa til kynna hversu stórt hlutfall starfsheita innan hvers starfaflokks flokkast innan sama ÍSTARFS flokks; eftir því sem liturinn er ljósari, því hærra hlutfall raðast í sama flokk.

Á mynd 6 má sjá dreifingu starfsmatsstiga innan starfaflokka.

**Tafla 13.** Starfaflokkar


	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
Stjórnandi I	13	0%	46%	0	0%	
Stjórnandi II	162	2%	70%	0	0%	
Stjórnandi III	321	3%	78%	0	0%	
Stjórnandi IV	216	2%	81%	1	0%	100%
Stjórnandi V	40	0%	35%	0	0%	
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	186	2%	89%	0	0%	
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	576	6%	78%	2	0%	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	1.910	20%	83%	17	2%	94%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	1.050	11%	72%	87	12%	69%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	489	5%	79%	32	4%	78%
Sérhæft starfsfólk I	98	1%	78%	2	0%	100%
Sérhæft starfsfólk II	471	5%	77%	8	1%	75%
Sérhæft starfsfólk III	292	3%	70%	39	5%	77%
Sérhæft starfsfólk IV	122	1%	56%	11	1%	64%
Almennt starfsfólk I	2.394	25%	61%	344	47%	62%
Almennt starfsfólk II	1.261	13%	77%	180	24%	68%
Almennt starfsfólk III	98	1%	23%	16	2%	62%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	

**Tafla 14.** Yfirstarfaflokkar

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	%konur	Fjöldi	Hlutfall	%konur
Stjórnandi	752	8%	74%	1	0%	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri	4.211	43%	79%	138	19%	75%
Sérhæft starfsfólk	983	10%	72%	60	8%	75%
Almennt starfsfólk	3.753	39%	66%	540	73%	64%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.699</b>	<b>100%</b>		<b>739</b>	<b>100%</b>	

Stjórnandi I	0%	0%	0%	0%	0%	7,7%	92,3%
Stjórnandi II	0%	0%	0%	0%	0%	0,6%	99,4%
Stjórnandi III	0%	0%	0%	0%	0,3%	11,8%	87,9%
Stjórnandi IV	0%	0%	0,9%	0,5%	8,3%	12,4%	77,9%
Stjórnandi V	0%	20,0%	0%	0%	17,5%	12,5%	50,0%
Sérfræðingur verkefnastjóri I	0%	0%	0%	0%	0,5%	97,8%	1,6%
Sérfræðingur verkefnastjóri II	0%	0%	0%	0,2%	9,9%	84,4%	5,5%
Sérfræðingur verkefnastjóri III	0%	0,3%	1,5%	0%	4,8%	91,3%	2,2%
Sérfræðingur verkefnastjóri IV	0%	0,4%	8,8%	1,0%	18,6%	71,3%	0%
Sérfræðingur verkefnastjóri V	0%	0,2%	78,5%	0,8%	18,6%	1,9%	0%
Sérhæft starfsfólk I	0%	1,0%	5,0%	2,0%	37,0%	54,0%	1,0%
Sérhæft starfsfólk II	5,0%	3,5%	46,3%	15,4%	26,9%	2,5%	0,2%
Sérhæft starfsfólk III	0%	0,3%	66,5%	19,6%	13,6%	0%	0%
Sérhæft starfsfólk IV	0%	2,3%	73,7%	18,0%	6,0%	0%	0%
Almennt starfsfólk I	2,7%	0,4%	77,5%	0,0%	19,3%	0%	0%
Almennt starfsfólk II	2,2%	0,1%	97,7%	0,1%	0%	0%	0%
Almennt starfsfólk III	88,6%	0%	0%	11,4%	0%	0%	0%
	Ósérhæft starfsfólk	Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	Skrifstofufólk	Tæknar og sérmenntað starfsfólk	Sérfræðingar	Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur

**Mynd 5.** Dreifing ÍSTARF flokka innan starfaflokka



**Mynd 6.** Dreifing starfsmatsstiga innan starfaflokka

### 3.6 Tölfræðigreining

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er þýði greiningarinnar og gögnin sem greind hafa upplýsingar um allt þýðið. Línuleg aðhvarfsgreining, *ordinary least squares regression*, var notuð til að athuga hvort munur væri á launum karla og kvenna, þ.e. uppreiknuðum grunn- og heildarlaunum. Gerðar voru fjórar aðhvarfsgreiningar fyrir uppreiknuð grunn- og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og þrjár fyrir uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks. Einnig voru gerðar þrjár aðhvarfsgreiningar til viðbótar á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk þar sem tekið var tillit til ríkisfangs.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli:

- kyns og persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka
- kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka og starfaflokks
- kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka og ÍSTARF flokkunar.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli:

- a. kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags
- b. kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og starfaflokks
- c. kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og ÍSTARF flokkunar.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk:

- a. kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags
- b. kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og starfaflokks
- c. kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og ÍSTARF flokkunar.

Í kafla þar sem laun eru skoðið eftir ríkisfangi var tekið tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningu á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk:

- a. ríkisfangs, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og starfaflokks
- b. ríkisfangs, kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og starfaflokks
- c. ríkisfangs, kyns, samvirkni erlends ríkisfangs og kyns, persónuþátta vegna menntunar, fag-/starfsreynslu og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og starfaflokks.

Að auki var í sérstökum kafla greindur launamunur starfsfólks með starfsheiti sem hafa verið metin með starfsmatsstigum. Þar var gerð aðhvarfsgreining fyrir uppreiknuð grunn- og heildarlaun fólks í ákveðnu starfshlutfalli og uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks. Þetta var gert til að geta greint meðaláhrif mismunandi þátta á laun. Þannig er hægt að sjá hver munurinn er á launum karla og kvenna með jafnan fjölda yfirvinnustunda, og sinna sambærilegu starfi .

Forsendur aðhvarfsgreininga voru eftirfarandi:

- a. Uppreiknuð grunnlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og tekið tillit til kyns og starfsmatsstiga
- b. Uppreiknuð heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og tekið tillit til kyns, starfsmatsstiga, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags
- c. Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks og tekið tillit til kyns, starfsmatsstiga, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags.

Í aðhvarfsgreiningu voru launatölur settar á lograkvarða. Ein af ástæðunum fyrir þessu er að laun eru ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt. Til að reikna út hversu mikinn hlutfallsmun aðhvarfsstuðullinn sýnir, að öðrum skýribreytum óbreyttum (*ceteris paribus*), er hann settur sem veldi af fastanum  $e$  og einn dreginn frá. Ef stuðullinn fyrir konur er, sem dæmi,  $-0,1$  þá getum við reiknað út að konur séu með  $e^{0,1} - 1$  eða 10,5% lægri meðallaun en karlar að gefnum skýribreytum.

## 4 Niðurstöður

Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum launagreiningar. Fyrst eru birtar upplýsingar um uppreiknuð meðalgrunnlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli, dreifingu launa eftir kyni og starfaflokki og meðallaun eftir helstu bakgrunnsbreytum; aldri, ríkisfangi, starfaflokki, sviði og starfsheiti. Þá eru birtar niðurstöður aðhvarfsgreininga á launamun karla og kvenna. Næst má sjá niðurstöður greininga eftir að störf hafa verið flokkuð í karla- og kvennastörf.

Niðurstöður greininga á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eru birtar á sama hátt og greiningar uppreiknaðra grunnlauna.

Uppreiknuð heildarlaun fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar, starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli og tímavinnufólk eru greind sérstaklega. Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks eru greind á sama hátt og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli. Með þessu móti er hægt að bera saman laun allra óháð því hvort starfsfólk sem sinnir störfunum sé í ákveðnu starfshlutfalli eða á tímalaunum.

Laun starfsfólks með erlent ríkisfang voru skoðuð sérstaklega. Fyrst eru birtar upplýsingar um fjölda og hlutfall starfsfólks í hverjum starfaflokki. Þá eru uppreiknuð heildarlaun starfsfólks með erlent og íslenskt ríkisfang borin saman og að lokum birtar niðurstöður aðhvarfsgreiningar þar sem tekið er tillit til ríkisfangs.


Í lokin er skoðuð fylgni starfsmatsstiga við grunnlaun annars vegar og uppreiknuð heildarlaun fyrir allt starfsfólk hins vegar. Auk þess var launamunur kynjanna skoðaður með aðhvarfsgreiningum þar sem tillit var tekið til starfsmatsstiga.

## 4.1 Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli


### 4.1.1 Uppreiknuð grunnlaun

Hér á eftir verður gerð grein fyrir uppreiknuðum grunnlaunum starfsmanna Reykjavíkurborgar í ákveðnu starfshlutfalli. Birtar eru upplýsingar um meðalgrunnlaun starfsmanna, dreifingu grunnlauna eftir kyni og starfaflokki og meðallaun eftir starfsheiti.

Meðalgrunnlaun starfsmanna í ákveðnu starfshlutfalli eru 657 þúsund krónur. Konur voru með 6,5% hærra grunnlaun en karlar þegar ekki hafði verið tekið tillit til annarra breyta (sjá mynd 7). Á mynd 8 má sjá dreifingu meðalgrunnlauna karla og kvenna í kringum miðgildi launa. Þar má sjá að miðgildi launa kvenna er 627 þúsund samanborið við 572 þúsund meðal karla. Á mynd 9 sem sýnir dreifingu grunnlauna karla og kvenna eftir starfaflokki má sjá að miðgildi grunnlauna kvenna er hærra í starfaflokkunum stjórnandi II til IV. Í töflu 16 má sjá að ekki er mikill munur á launum karla og kvenna innan fjölmennustu starfsheita.



**Mynd 7.** Meðaltal uppreiknaðra grunnlauna<sup>7</sup> starfsfólks með ákveðið starfshlutfall eftir kyni




Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungsspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

**Mynd 8.** Dreifingu uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna

<sup>7</sup>Grunnlaun voru uppreiknuð út frá starfshlutfalli.





Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungsspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.































Mynd 9. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna eftir starfaflokki

**Tafla 15.** Uppreiknuð grunnlaun eftir helstu bakgrunnsbreytum

	Meðalgrunnl. uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall <sup>1)</sup>
	Karl	Kona	Karl	Kona	
<b>Allt starfsfólk</b>	626.784	667.802	2.622	7.077	107%
<b>Aldur</b>					
Yngri en 30 ára	546.538	555.919	833	1.648	102%
30–39 ára	617.382	649.294	739	1.617	105%
40–49 ára	684.658	696.346	460	1.567	102%
50–59 ára	716.425	748.323	344	1.333	104%
60 ára og eldri	693.185	736.053	246	912	106%
<b>Ríkisfang</b>					
Íslenskt	632.971	681.776	2.362	6.144	108%
Erlent	570.581	575.775	260	933	101%
<b>Starfaflokkur</b>					
Stjórnandi I	1.655.724	1.448.321	7	6	87%
Stjórnandi II	1.092.174	1.149.897	48	114	105%
Stjórnandi III	907.980	967.628	71	250	107%
Stjórnandi IV	770.780	807.205	41	175	105%
Stjórnandi V	704.391	697.641	26	14	99%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	832.982	816.713	20	166	98%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	780.332	809.094	129	447	104%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	743.980	763.585	322	1.588	103%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	670.159	677.836	291	759	101%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	592.831	595.630	105	384	100%
Sérhæft starfsfólk I	598.435	629.705	22	76	105%
Sérhæft starfsfólk II	606.364	613.934	106	365	101%
Sérhæft starfsfólk III	579.132	584.507	89	203	101%
Sérhæft starfsfólk IV	539.973	536.197	54	68	99%
Almennt starfsfólk I	546.360	545.839	924	1.470	100%
Almennt starfsfólk II	515.605	515.502	292	969	100%
Almennt starfsfólk III	497.981	493.153	75	23	99%
<b>Svið</b>					
Fjármála- og áhættustýringarsvið	793.871	730.925	24	51	92%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	748.188	744.591	10	43	100%
Menningar- og íþróttasvið	606.892	630.089	212	289	104%
Skóla- og frístundasvið	631.595	675.107	1.162	4.436	107%
Skrifstofur Ráðhúss	936.393	825.669	22	54	88%
Umhverfis- og skipulagssvið	633.552	697.870	294	135	110%
Velferðarsvið	597.571	643.363	821	1.969	108%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	738.283	742.872	77	100	101%

<sup>1)</sup> Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Blár litur þýðir að meðallaun karla eru hærri en kvenna, rauður litur þýðir að laun kvenna eru hærri eða jöfn launum karla.

**Tafla 16.** Uppreiknuð grunnlaun eftir kyni og starfsheiti (30 fjölmennustu starfsheiti)

Starfsheiti	Meðalgrunnl. uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall <sup>1)</sup>
	Karl	Kona	Karl	Kona	
Forstöðumaður málefni fatlaðs fólks	868.371	856.948	20	54	 99%
Félagsráðgjafi 3	799.508	804.655	4	70	 101%
Deildarstjóri, lt. A	825.920	803.445	4	105	 97%
Sérkennari, lt. 1	806.602	787.599	19	147	 98%
Umsjónarkennari, lt. 2	760.704	766.382	21	126	 101%
Sérfræðingur 3 — Sérfr./verkefnast. II	763.605	765.481	30	64	 100%
Umsjónarkennari, lt. 1	751.730	767.348	91	418	 102%
Teymisstjóri sértækrar búsetu	750.875	738.067	33	61	 98%
Grunnskólakennari, lt. 2	729.949	738.076	46	74	 101%
Grunnskólakennari, lt. 1	719.391	739.012	50	174	 103%
Stuðningsráðgjafi	658.156	648.770	51	89	 99%
Leiðbeinandi 3, lt. 1	600.143	607.434	26	65	 101%
Deildarstjóri C	598.743	605.857	8	89	 101%
Leikskólaleiðbeinandi B	598.847	596.038	21	115	 100%
Háskólamenntaður starfsmaður	596.780	592.423	11	74	 99%
Stuðningsfulltrúi m/sérhæfingu	589.586	594.402	25	55	 101%
Frístundaráðgjafi	589.163	585.727	39	80	 99%
Stuðningsfulltrúi í sértæku starfi	553.893	553.272	99	109	 100%
Stuðningsfulltrúi	538.992	552.007	104	180	 102%
Stuðningsfulltrúi1	547.773	546.237	378	497	 100%
Starfsmaður búsetuþjónustu	542.134	541.512	74	79	 100%
Frístundaleiðbeinandi m/ umsjón — Alm. starfsfólk I	542.785	540.440	51	58	 100%
Starfsmaður við umönnun	526.719	538.367	37	77	 102%
Frístundaleiðbeinandi	533.517	533.659	39	44	 100%
Starfsmaður heimaþjónustu	524.434	534.377	20	158	 102%
Leiðbeinandi 1 með stuðning	525.564	527.949	17	61	 100%
Skólaliði	520.000	522.683	23	191	 101%
Sundlaugarvörður	520.105	511.869	90	83	 98%
Leiðbeinandi 1	512.344	514.324	78	499	 100%
Frístundaleiðbeinandi á frístundaheimili	509.532	508.303	63	115	 100%

<sup>1)</sup> Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Blár litur þýðir að meðallaun karla eru hærri en kvenna, rauður litur þýðir að laun kvenna eru hærri eða jöfn launum karla.

